



E.s. LAGARFOSS
fer hédan á mánudag 13. septbr.
kl. 7 síðd. til Montreal (Canada).

E.s. SUÐURLAND
fer til Borgarness 23. septbr.

M.s. „SVANUR“
fer hédan um miðja vikuna til
Stykkishólms, Skarðsstöð, Salt-
hólmavíkur, Króksfjarðar. Kemur
við í Skógarnesi ef veður leyfir.

Silki! Silki!

Mikið úrval af allskonar Silki-
tauum hjá

JOHS. HANSENS ENKE.

Glitofnar ábreiður

eða
söðulklæði

vil eg kaupa.

Vilh Finsen, ritstjóri

Ellistyrktarsjóður Reykjavíkur

Umsóknir um styrk úr Ellistyrktarsjóði Reykjavíkur árið 1920 eiga
að vera komnar til mín fyrir lok þ. m. Eyðublöð undir umsóknirnar
fást hjá fátækrafulltrúnum og prestunum og hér á skrifstofunni.

Borgarstjórnin í Reykjavík, 10. sept. 1920.

K. Zimsen.

Alþýðufræðsla Stúdentafélagsins.

Fyrirlestur um heimilisiðnað

flytur frk. Halldóra Bjarnadóttir í dag kl. 5 í Iðnó. Aðg. 25 aurar.

Brauðgerðarhús

til sölu á góðum stað skamt frá Reykjavík. Framtíðarskilyrði ágæt. Upp-
lýsingar gefur Jakob Jónsson, Aðalstræti 18.

Húsgögn í 2 dagstofur

verða seld á Staðastað mánudaginn 13. þ. m. kl. 1 e. h.

Sveinn Björnsson.

Best að auglýsa í Morgunblaðinu.

að koma þessu sem fyrst í framkvæmd. En það lán ætti að vera hægt vandi að fá, þar sem hægt er að sýna það ótvírætt, að völlum er miklu meira virði og tekjur hans orðnar svo miklar nú, að hann gæti hæglega borgað slíkt lán á 3—4 árum. Auk þess ætti bæjarstjórnin að sjálfsgöðu að hjálpa íþróttamönnum höfuðstaðarins að einhverju leyti til að koma umbótunum í framkvæmd hið fyrsta, því sannlega eru þeir staðir ekki of margir hér í bænum, sem honum eru til þryðis og sæmdar, svo það væri ekkert óhóf að bæta einum við. Er og þess fullviss, að bæjarstjórninni mun verða það ljúft að leggja hér hönd á plóginn. Því það eitt er víst, að bezta ráðið til að gera hina ungu kynslóð höfuðstaðarins að góðum og nýtum borgurum, er að láta hana alast upp við íþróttir, sem skapa bæði hreyfingu, drengskap og hugrekki. Og hvað liggur þá nær en að gera fyrst og fremst sjálft íþróttahéimilið sem þryðilegast, sem allir ungir menn kysu að heimsækja sem oftast.

Reykjavík er höfuð landsins, en hún á að vera það meira en að nafninu til. Hún á að vera í verki fyrirmynd þjóðarinnar á öllum sviðum, en það verður hún aldrei, ef hún gerir ekkert til að

skapa hér sem mest af hraustum, hugdjörflum og heiðarlegum mönnum. Öll hálfvelgja af hendi hins opinbera í íþróttamálunum verður að hverfa, því það skal sannast, að íþróttirnar eru eitt bezta uppeldismedalið. Minni lestur í skólunum, meiri íþróttir, á að verða framtíðarstefna þjóðarinnar, því aldrei eignast hún ágætismenn ef hún gerir ekkert til að skapa þá, og aldrei er þjóðinni meiri nauðsyn á ágætismönnum en einmitt nú, þegar má með sannri segja, að hún er foringjalaus á sínum mikilsverðustu tímamótum.

Í dag á það að vera æðsta heróp allra íþróttamanna, að fullkomna íþróttavöllinn á næsta ári og það er hægt ef við erum allir samhuga og samtaka með að sýna það í verkinu. Með því vinnum við bæjarfélaginu og þjóð vorri þarft verk.

Stjórn vallarins.

Í stjórn vallarins hafa þessir menn verið:

1910 og 1911: Ólafur Björnsson ritstj., formaður; Hallgr. Benediktsson stórkaupm., L. H. Müller kaupm., Sigríður Björnsdóttir kaupm., Guðm. Sigurjónsson glímukappi.

1912: Ólafur Björnsson formaður,

L. H. Müller, H. Benediktsson, Eggert Briem frá Viðey, Magnús Magnússon framkvæmdastjóri.

1913, 1914 og 1915: Ólafur Björnsson form., L. H. Müller, H. Benediktsson, Sigurjón Pétursson kaupm., Jón Þorláksson verkfr.

1916, 1917 og 1918: Sigurjón Pétursson form., Jón Þorláksson, Otto B. Arnar kaupm., Magnús Kjaran verzlunarstj., Benedikt G. Waage verzm.

1919: Sigurjón Pétursson form., Bened. G. Waage, Otto B. Arnar, Gunnar Thorsteinsson verzm., Erlendur Pétursson verzm.

1920: Erlendur Pétursson form., Óskar Norðmann stúdent, Tryggvi Magnússon verzm., Sigurgísli Guðnason verzm., Axel Andrésson verzm.

Dagsins minst.

Í dag var ákveðið að halda veglega afmælishátíð og bjóða öllum þeim mörgu mönnum, sem á einn og annan hátt hafa stutt að stofnun og velgengi þessa fyrirtækis, en því hefir verið frestað þar til seinna í haust, sökum þess, að nokkrir af beztu stuðningsmönnum vallarins dvelja nú erlendis. En til þess að minnast dagsins í dag að einhverju leyti, hefir stjórn Sam-

Tilkynning.

Hér með tilkynnist að eg hefi selt herra Jónasi Tómassyni söngstjóra á Ísafirði bóka- og pappírsvæzlun mína og einnig hefir hann yfirtekið afgreiðslu á öllum dagblöðum, sem eg hefi haft á hendi. Eru það vinsamleg tilmæli mín, að viðskiftamenn mínir láti hann njóta sama trausts og þeir hafa sýnt mér

Ísafirði 27. ágúst 1920.

ODDUR GUÐMUNDSSON.

Samkvæmt ofanrituðu hefi eg undirritaður tekið við bóka- og pappírsvæzlun herra Odds Guðmundssonar (áður Guðm. Bergssonar) Ísafirði, og verður hún rekin á sama stað og undanfarið í Aðalstræti 26 A.

Einnig hefi eg yfirtekið umboðssölu bóka, er hann hefir haft á hendi.

Ísafirði 27. ágúst 1920.

JÓNAS TÓMASSON.

Reikningar

verða hér eftir greiddir á þriðjudögum og föstudögum kl. 2—4.

Vegamála skrifstofan.

Samkoma

verður haldin í Bárausalnum kl. 8 $\frac{1}{2}$ í kvöld.

Páll Jónsson og Erik Aasbo vitna um Drottinn Jesús. Allir velkomnir.

Uppboð á fiski

Föstudaginn 24. yfirstandandi septembermánaðar verður eftir beiðni Útflutningsnefndarinnar, sem handveðhafa, haldið opinbert uppboð á ca 400 skippundum af verkuðum stórfiski, eign firmans Helgi Zoega & Co.

Uppboðið byrjar kl. 1 $\frac{1}{2}$, síðdegis greindan dag við fiskgeymsluhús Alliancefélagsins hér í bænum en verður haldið áfram á Kirkjusandi við fiskgeymsluhús Th. Thorsteinsson og Hf. Íslands þar.

Sölskilmálar verða birtir á uppboðinu.

Væntanlegir kaupendur geta fengið að líta á fiskinn á hinum nefndu stöðum daginn fyrir uppboðið.

Bæjarfógetinn í Reykjavík 11. september 1920.

Jóh. Jóhannesson.

bandsins boðið stjórnun þeirra félaga, sem í Sambandinu eru, ásamt nokkrum öðrum mönnum, til átveizlu í Café Nýja Bío kl. 12 á háð.

Að því loknu verður lagður blóm-sveigur frá Sambandinu á leiði Ólafs sál. Björnssonar í þakklætisskyni fyrir formenskuna og hans mikla og heillaríka starf í þarfir vallarins.

Þá verður og hr. kaupm. Sigurjón Péturssyni, sem nú dvelur utan, sent símskeyti og honum þakkað hans mikla óserplægni og framúrskarandi dugnaður í þarfir vallarins.

Þá verður og völlum sjálfur í dag allur flöggun skryddur.

Að endingu þakka eg svo í nafni Sambandsins öllum þeim mörgu góðu mönnum, sem því hafa rétt hjálparhönd og unnið að framgangi þess, og vona að fyrirtækið megi blessast og blómgastr í framtíðinni þeim til ánægju og heiðurs og öllum íþróttamönnum til gagns og heilla.

Erlendur Pétursson.

Hjálpræðisherinn.

Major Grausund talar á samkomu í kvöld kl. 8.

Misgrip. A sálarrannsóknarfundu 2. sept. síðastl. hefur gamalt silfurúr verið tekið í misgripum. Sá em úrið hefir snúi sér til afgreiðslu Morgunblaðsins og taki sitt.

Heildsala!

Blúndur
Flauel
Silki allskonar
Gardínutau
Ljósadúkar stórir og litlir
Kjólþils
Millipils
Blússur
Silkibönd, feikna úrval
Dömu- og barnakragar, allsk.
Herrabindi, stórt úrval
Herrasokkar
Nankinsjakkar
Teppi skjólgóð fyrir sjómenn
Barnaklæðnaður
Silkipokar
Perlupokar
Leðurvörur
Körfur, alls konar
Leikföng, stórt úrval
Brúður (fállegt safn)
Burstar og allsk. kústar
Hmövtn
Tannpasta, Pebecco
Hárgreiður
Pípur
Munnstykki, allsk.
Pípustopparar
Cigaretteveski
Vindlaveski
Bréfsefni
Aluminiumvörur, hverju nafni sem er
Emailleáðar vörur, hverju nafni sem er
Hamrar, 4 stærðir
Vasahnifar
Borðhnifar
Söx, alls konar
Skóflur
Hakar
Vatnsfötur
Göngustafir
Blekbyttur
Pennar
Blyantar
Hitamælirar
Tannburstar
Alpacca-gafflar
Rammar
Þjalir
Saumakassar
Axlabandasprotar
Pönnur, 2 teg.
Vekjarar
Klukkur, st.
Leirflát
Postulíns-diskar, könnur, ávaxta og kökubakkar
Krystal-skálar, vasar
Kolakörfur o. m. fl.

Sigfús Blöndahl & Co.

Lækjargötu 6.

Sími 720.

Sími 720.